




Ársskýrsla | 2014



Einkaleyfastofan
Icelandic Patent Office

Efnisyfirlit

Ávarp forstjóra	3
Starfsemi sviða	4
Gæðamál	4
Rekstrarsvið	4
Einkaleyfa- og hönnunarsvið	5
Einkaleyfi	5
Hönnun	7
Vörumerkjasvið	9
Faggildingarsvið	13
Laga- og reglugerðabreytingar	14
Ýmsir málaflokkar	15
Fræðslu- og kynningarmál	15
Innlent samstarf	15
<i>Hugverkastefna</i>	15
<i>Nýsköpunartorg</i>	15
<i>Samstarf um aðgerðir gegn brotum á hugverkaréttindum</i>	18
<i>Upplýsingasetur um einkaleyfi</i>	18
<i>Hagnýtingarverðlaun HÍ</i>	18
<i>Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda</i>	19
<i>FUVE og FEIS</i>	19
Erlent samstarf	20
<i>EPO – Evrópska einkaleyfastofan</i>	20
<i>EPO Co-operation</i>	21
<i>EFTA</i>	22
<i>Evrópusambandið, OHIM – Liaison</i>	23
<i>Norrænt samstarf</i>	24
<i>Nordic Patent Institute</i>	24
<i>WIPO – Alþjóðahugverkastofnunin</i>	25
<i>PPH samstarf</i>	25
<i>Annað alþjóðlegt samstarf</i>	26
Starfsmannamál	27
Árangursmat	28
Ársáætlun	28
Ársreikningur	29

Ávarp forstjóra



Borghildur Erlingsdóttir,
forstjóri ELS

Einkaleyfastofan fer með málefni hugverkaréttinda á sviði iðnaðar, þ.e. óáþreifanleg eignaréttindi sem byggja á hugviti. Auk þess er innan Einkaleyfastofunnar faggildingarsvið sem er sjálfstætt starfandi svið og markast starfsemi þess af lögum um faggildingu o.fl. nr. 24/2006.

Meginverkefni Einkaleyfastofunnar eru erindi varðandi einkaleyfi, vörumerki, hönnun og önnur hliðstæð réttindi sem kveðið er á um í lögum, reglum og alþjóðasamningum um vernd eignaréttinda á sviði iðnaðar. Stofnuninni ber einnig að veita einstaklingum, stofnunum og atvinnufyrirtækjum upplýsingar og ráðgjöf varðandi hugverkaréttindi í iðnaði.

Þá ber stofnuninni að stuðla að því að ný tækni og þekking sem felst í skráðum hugverkaréttindum verði aðgengilega almenningi. Einkaleyfastofan er því fyrst og fremst þjónustustofnun og er það eitt af markmiðum stofnunarinnar að veita faglega þjónustu sem byggir á gæðum og trausti. Gæðastjórnunarkerfi Einkaleyfastofunnar er stór þáttur í því að framfylgja því markmiði, sem og að tryggja góð og fagleg vinnubrögð og stuðla að umbótum innan stofnunarinnar.

Mikilvægt er að hlúa vel að mannauði stofnunarinnar til þess að tryggja ánægju, skapa liðsheilid og stuðla að góðum afköstum og fagmennsku í starfi. Einkaleyfastofan hlaut viðurkenninguna Stofnun ársins 2014 í kjölfar niðurstöðu könnunar SFR meðal starfsmanna. Sú niðurstaða var sérstaklega ánægjuleg og hvetjandi fyrir stofnunina þar sem staðfesting á ánægju starfsmanna skiptir miklu máli og hvetur starfsmenn til að starfa áfram saman sem öflug liðsheilid á fyrirmyndarvinnustað.

Þá var brýn nauðsyn á liðnu ári að framfylgja því kostnaðarsama verkefni að halda áfram smíði á nýjum tölvuskráum til að halda utan um erindi stofnunarinnar. Slíkar skrár krefjast sértækra hönnunar og er því gríðarlega mikilvægt að vel sé vandað til verks þar sem verkefnið er umfangsmikið og tekur langan tíma. Fjöldi erinda og skráninga hefur margfaldast á liðnum árum og í alþjóðlegri samvinnu og gagnaflutningi á milli landa skiptir miklu máli að haldið sé með öruggum hætti um öll erindi og réttindi. Rafræn þjónusta við viðskiptavini og rafrænt aðgengi gagna er auk þess þáttur sem fer vaxandi.

Fjöldi umsókna um skráningu einkaleyfa, vörumerkja og hönnunar var svipaður og árið á undan en helst má greina einhverja fækkun á umsóknum um skráningu hönnunar. Eins og fyrir ár eru erlendir aðilar langstærsti viðskiptahópur Einkaleyfastofunnar en allt að 85% allra umsókna koma frá erlendum aðilum. Það voru þó ánægjuleg og merkileg tíðindi á árinu að íslenskt fyrirtæki, lyfjafyrirtækið Actavis, var einn stærsti umsækjandi um alþjóðlegar vörumerkjaskráningar hjá Alþjóðahugverkastofnuninni í Genf á árinu. Fyrirtækið Össur var einnig leiðandi í umsóknum um hönnunarvernd innan Evrópu á árinu. Íslensk fyrirtæki eru öflug í nýsköpun og mörg þeirra hafa nú þegar mjög þróaða stefnu á sviði hugverkaréttar um það hvernig þau réttindi skuli tryggð, þeim ráðstafað og þeim framfylgt. Slík stefna skiptir fyrirtæki mjög miklu máli enda eru hugverkaréttindin gjarnan ein verðmætasta eign fyrirtækis.

Hugverkastefna stjórnvalda sem unnið er að um þessar mundir innan atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis er þarft og tímabært skref í átt að skýrri framtíðarsýn á málefni hugverkaréttinda og nýsköpunar. Þar skiptir máli að auka vitund meðal einstaklinga og fyrirtækja í nýsköpun og þróun um þau verðmæti sem felast í hugverkaréttinum bæði í atvinnustarfsemi á Íslandi og á alþjóðavettvangi. Þá er mikilvægt að tryggja að allt umhverfi er varðar nýsköpun og þau réttindi sem felast í nýsköpun sé aðlaðandi og hvetjandi hér á landi, bæði fyrir þá sem skapa og þá sem fjárfesta í nýsköpun.

Hugverkavernd á að vera gildur þáttur í starfi allra sem vinna að nýsköpun og þróun í þágu atvinnulífsins.

Borghildur Erlingsdóttir

forstjóri, Einkaleyfastofunnar

Starfsemi sviða



Gæðamál

Árið 2014 var áhersla lögð á að viðhalda gæðastjórnunarkerfi Einkaleyfastofunnar eftir að stofnunin hlaut vottun í desember 2013. Einkaleyfastofan hefur vottað gæðastjórnunarkerfi samkvæmt ISO 9001:2008 en staðallinn miðar að því að viðhalda áætlunum, ferlum, auðlindum og skjölum, sem notuð eru til að ná gæðamarkmiðum og stöðugum umbótum á vörum og þjónustu, til þess að uppfylla kröfur viðskiptavina.

Gæðakerfi Einkaleyfastofunnar er því orðið virkt kerfi sem miðar að því að viðhalda góðum vinnubrögðum og stuðla að stöðugum umbótum. Starfsmenn hafa tileinkað sér gæðahandbókina Fróða þar sem ferlar eru skjalfestir og taka virkan þátt í uppbyggingu kerfisins. Starfsmenn sem sinna úttektum hafa fengið viðeigandi þjálfun í framkvæmd þeirra en innri úttektir eru einn mikilvægasti þátturinn í að viðhalda virku gæðakerfi.

Rekstrarsvið

Rekstrarsvið er þverfaglegt svið sem snertir flesta þætti starfseminnar. Rekstrarsvið annast rekstur og fjármál stofnunarinnar, móttöku umsókna og annarra erinda, skjalavörslu, tölvu- og tæknimál, bókasafn og innkaup. Undir sviðið heyra einnig endurmenntunar-, fræðslu- og kynningarmál sem og útgáfumál og vefsíða. Meðal þeirra verkefna sem unnið var að á árinu má nefna vinnu við smíði nýrrar vörumerkjaskrár og vinnu við nýja vefsíðu. Þá var unnið að innleiðingu á gagnagrunnunum TM-view og TM-class en bæði verkefni byggja á samstarfssamningi milli Einkaleyfastofunnar og OHIM (Office for Harmonization in the Internal Market) og miða að því að gera íslensk gögn aðgengileg í leitarvélum OHIM.

Áfram var unnið í samstarfsverkefni European Patent Office (EPO) og Google um vélþýðingapjónustu á einkaleyfum (Patent translate). Gengið var til samninga við utanaðkomandi aðila um skönnun á pappírsgögnum í þeim tilgangi að bæta við gagnasafn verkefnisins og gera íslenska hluta þýðingarvélarinnar betri. Verkefninu lauk formlega á árinu en áfram verður gögnum safnað og þýðingarvélinni viðhaldið.

Þeim merka áfanga var náð í upphafi árs að Einkaleyfastofan fékk leyfi Þjóðskjalasafns Íslands fyrir rafrænum skilum gagna. Á sama tíma var nýr málalykill stofnunarinnar tekinn í notkun. Þetta þýðir að hvert skjalavistunartímabil stofnunarinnar er fimm ár í stað þrjátíu og er gögnum skilað til varanlegrar varðveislu hjá Þjóðskjalasafni Íslands á rafrænu formi í stað pappírs. Við þetta minnkar pappírnotkun til muna og komið er í veg fyrir tvíverknað. Er þetta mikilvægur þáttur í leiðinni að rafrænni stjórnsýslu sem miðar að því að bæta þjónustu á vef og starfsmenn þurfa nú ekki að prenta út gögn sem berast rafrænt til að varðveita þau á pappír.

Einkaleyfa- og hönnunarsvið


Í september 2014 var ábyrgð á hönnunarvernd færð af vörumerkjasviði yfir á einkaleyfasvið sem nú heitir einkaleyfa- og hönnunarsvið. Sviðið annast meðhöndlun umsókna um einkaleyfi og hönnunarvernd og veitingu og skráningu réttinda. Þá er Einkaleyfastofan móttökustofnun fyrir alþjóðlegar umsóknir. Umtalsverður hluti af starfsemi sviðsins felst í meðferð beiðna um gildistöku evrópskra einkaleyfa hér á landi og skráningu alþjóðlegra hönnunarskráninga. Á hverju ári berast sviðinu um 4.100 erindi þar sem umsækjendur eða umboðsmenn þeirra óska eftir að viðhalda skráningum með greiðslu árgjalda og/eða endurnýjun. Þá sinna starfsmenn sviðsins ýmiss konar upplýsingagjöf og fræðslu til viðskiptavina, skóla og annarra hagsmunaaðila um einkaleyfakerfið og hönnunarvernd, þ.m.t. um helstu umsóknarleiðir.

Einkaleyfi

Umsóknum um landsbundin einkaleyfi fjölgaði lítillega milli ára, eða úr 46 árið 2013 í 49 árið 2014. Af þeim voru 35 íslenskar, sem er svipað hlutfall og undanfarin ár. Enginn einn aðili er sérstaklega áberandi í hópi umsækjenda árið 2014.


Umsóknir sem héldu áfram í alþjóðlegt ferli (PCT/IS) voru 15 á árinu sem er svipað og árið 2013 en veruleg fækkun hefur orðið frá fyrri árum þegar þær voru gjarnan í kringum 25. Allar umsóknirnar fóru til rannsóknar hjá EPO og er það veruleg breyting frá því fyrir nokkrum árum þegar meirihluti umsókna fór til rannsóknar hjá Nordic Patent Institute (NPI).

Hlutfall veittra evrópskra einkaleyfa sem tilnefnd eru til gildistöku á Íslandi er um 83% nú samanborið við 44% árið 2010, en aðeins um 1,4% veittra evrópskra einkaleyfa taka gildi á Íslandi. Beiðnir um gildistöku evrópskra einkaleyfa voru 908 á árinu 2014 sem er sambærilegt við fyrra ár. Það lítur því út fyrir að hægt hafi verulega á þeim vexti sem var í fjölda staðfesta evrópskra einkaleyfa hér á landi allt frá gildistöku fyrsta evrópska einkaleyfisins árið 2006. Í árslok voru um 4.000 evrópsk einkaleyfi í gildi á Íslandi og fjölgaði þeim þ.a.l. um nærri fimmtung milli ára.



Einkaleyfisumsóknir lagðar inn hjá Einkaleyfastofunni frá árinu 2010


Evrópsk einkaleyfi sem eru staðfest hér á landi eiga sér flestar uppruna í Bandaríkjunum, eða um þriðjungur. Fjögur evrópsk einkaleyfi sem staðfest voru á Íslandi á árinu 2014 eru í eigu íslenskra aðila.



Upprunaland evrópskra einkaleyfa hjá Einkaleyfastofunni árið 2014

Veitt landsbundin einkaleyfi á árinu voru samtals 54 sem er um fjórðungs aukning frá fyrra ári. Fjölgunin er í góðum takti við átak sem ráðist var í seint á árinu 2013. Markmið átaksins var að reyna að flýta veitingu einkaleyfa sem byggja á þegar veittum erlendum einkaleyfum. Um 95% þeirra eru í eigu erlendra aðila og er það mun hærra hlutfall en á fyrra ári. Meðaltími frá umsókn til veitingar er 9,4 ár og hefur lengst mikið undanfarin ár. Ástæður þess eru m.a.

Þær að við veitingu einkaleyfa er oftast ekki horft til rannsóknarniðurstöðu systurstofnana erlendis í stað þess að Einkaleyfastofan láti rannsaka umsóknina. Í flestum tilfellum byggja íslensk einkaleyfi á evrópskum einkaleyfum, en meðaltími sem líður frá umsókn til veitingar hjá EPO hefur aukist nokkuð á liðnum árum og gætir áhrifa þess hér.



Veitt einkaleyfi hjá Einkaleyfastofunni frá árinu 2010

Í árslok 2014 voru 579 landsbundin einkaleyfi í gildi. Landsbundnar umsóknir í gildi í árslok 2014 voru 295. Umsóknum í gildi hefur fækkað verulega á undanförunum árum, annars vegar vegna þess að veitt einkaleyfi eru fleiri en nýjar umsóknir, en ekki síður vegna þess að umsækjendur hafa fallið frá umsóknum af ýmsum ástæðum.


Eins og mörg undanfarin ár voru langflestar umsóknir í flokkunum efnafræði og lyf og á það sama við um veitt einkaleyfi.

Á árinu 2014 bárust Einkaleyfastofunni 23 umsóknir um viðbótarvernd og er það rúmlega fjórðungs aukning frá fyrra ári. Veitt viðbótarvottorð á árinu voru aðeins sex en útlit er fyrir að á árinu 2015 takist af afgreiða töluverðan fjölda umsókna sem beðið hafa vegna mála sem rekin eru fyrir Evrópudómstólnum.

Fjórar beiðnir bárust á árinu um endurveitingu réttinda til einkaleyfis samanborið við eina árið áður. Úrskurðað var í einu máli á árinu og var beiðni umsækjanda samþykkt.


Hönnun

Hönnunarumsóknum fækkaði verulega frá fyrra ári eða um tæp 18%. Samtals bárust 97 umsóknir á árinu 2014 miðað við 118 árið á undan. Mestu munar þar um að aðeins bárust 66 umsóknir frá Alþjóðahugverkastofnuninni (WIPO) í gegnum alþjóðlegt skráningarkerfi sem byggir á Haag samningnum um alþjóðlega skráningu hönnunar. Alþjóðlegum umsóknum hafði fjölgað á hverju ári frá því fyrstu umsóknirnar bárust árið 2005 og er niðurstaða ársins því ákveðið áhyggjuefni. Landsbundnar umsóknir í eigu Íslendinga voru 25 og fækkaði þeim um þrjár frá árinu 2013. Landsbundnum umsóknum í eigu erlendra aðila fjölgaði hins vegar úr þremur í sex milli ára.



Umsóknir um skráningu hönnunar sem borist hafa Einkaleyfastofnuni frá árinu 2010

Aðeins einn aðili nýtti sér milligöngu Einkaleyfastofunnar við að leggja inn hönnunarumsókn í gegnum alþjóðlega skráningarkerfið á árinu 2014 og óskaði hann þess að verndin næði til Evrópusambandsins.



Skráð hönnun hjá Einkaleyfastofnuni frá árinu 2010

Samanlagður fjöldi skráðrar hönnunar var 96 árið 2014 en 117 árið á undan. Skráningarnar eru birtar í ELS-tíðindum og eru birtar allar þær myndir sem umsókninni tilheyrja. Meðhöndlunartími umsókna ef öll gögn liggja fyrir er að meðaltali fjórar vikur.

Vörumerkjasvið


Ábyrgð á hönnunarvernd var færð af vörumerkjasviði yfir á einkaleyfasvið í september 2014. Sviðið kallast nú vörumerkjasvið og annast meðhöndlun umsókna og skráningu vörumerkja, félagamerkja og byggðamerkja auk þess að veita upplýsingar um þessa málaflokka. Á vörumerkjasviði eru einnig meðhöndlaðar umsóknir um alþjóðlega skráningu, svokallaðar ISMP umsóknir, sem áframsendar eru til Alþjóðahugverkastofnunarinnar.



Vörumerki eftir upprunalandi árið 2014 (fleiri en 50 umsóknir pr. land)

Umsóknir um vörumerki voru samtals 3.673 á árinu 2014 en voru 3.718 árið á undan. Umsóknum fækkaði því lítillega eða um 1%. Alþjóðlegar umsóknir voru 2.373 en landsbundnar umsóknir voru 1.300. Landsbundnar umsóknir eru þær umsóknir sem lagðar eru inn beint til Einkaleyfastofunnar ýmist af einstaklingum, fyrirtækjum eða umboðsmönnum héraðs. Alþjóðlegu umsóknirnar berast Einkaleyfastofunni frá Alþjóðahugverkastofnuninni í gegnum Madrid skráningarkerfið.

Vörumerkjaumsóknir



Vörumerkjaumsóknir sem borist hafa Einkaleyfastofunni frá árinu 2010

Landsbundnum umsóknum fjölgaði um 15% samanborið við árið 2013. Landsbundnar umsóknir í eigu erlendra aðila voru 598 og fjölgaði töluvert eða um 15% í samanburði við árið á undan. Sama má segja um umsóknir í eigu aðila sem búsettir eru á Íslandi en þær voru 702 og fjölgaði um rúmlega 16%. Það er ánægjulegt að sjá fjölgun landsbundinna umsókna og má gera ráð fyrir að fjölgunin sé til marks um aukna vitund eigenda fyrirtækja um gildi skráningar. Alþjóðlegum umsóknum fækkaði um 8% voru 2.373 árið 2014 en 2.586 árið þar á undan.

ISMP - íslenskar umsóknir sem fara í alþjóðlegt ferli



ISMP umsóknir sem borist hafa Einkaleyfastofunni frá árinu 2010

Alþjóðlegum umsóknum frá íslenskum aðilum sem Einkaleyfastofan áframsendir til Alþjóðahugverkastofnunarinnar, þ.e. svokölluðum ISMP-umsóknum, fjölgaði lítillega árið 2014 og voru 119 miðað við 111 árið 2013.




Skráð vörumerki hjá Einkaleyfastofunni frá 2010–2014

Vörumerkjaskráningar voru samtals 3.205 á árinu 2014. Landsbundnar skráningar voru samtals 981 en samtals 2.224 alþjóðlegar skráningar voru birtar til andmæla. Í lok árs 2014 voru 57.037 vörumerkjaskráningar í gildi á Íslandi, þar af um 7.000 í eigu Íslendinga. Elsta vörumerkið sem skráð er hér á landi og enn er í gildi er orð- og myndmerki nr. 3/1909, BASS & CO'S PALE ALE.

Einkaleyfastofunni bárust 19 andmæli gegn vörumerkjaskráningum á árinu 2014 sem er fjölgun miðað við árið á undan en þá var 13 vörumerkjaskráningum andmælt. Einnig bárust sjö beiðnir um niðurfellingu skráðra merkja en átta slíkar beiðnir bárust árið á undan. Einkaleyfastofan úrskurðaði í sjö andmælumálum á árinu 2014. Auk þess var ákvarðað í fjórum málum er varða stjórn-sýslulega niðurfellingu. Áfrýjunarnefnd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar úrskurðaði í 14 málum á árinu 2014 en sami fjöldi mála barst nefndinni til áfrýjunar. Nefndin staðfesti sjö úrskurði Einkaleyfastofunnar og tvo að hluta, en fimm úrskurðum var hnekk.

Einkaleyfastofan hefur sett sér það markmið að skráningarferli umsókna um vörumerki, þar sem ekki koma til formgallar og/eða höfnun, sé ekki lengra en tíu vikur. Meðferð landsbundinna umsókna var innan þessara tímamarka fyrri hluta ársins en meðhöndlunartíminn lengdist þegar líða tók á árið. Meðferð alþjóðlegra umsókna tók að meðaltali 12 vikur.



Endurnýjanir sem borist hafa Einkaleyfastofnuni frá árinu 2010

Vörumerkjaskráningar má endurnýja á tíu ára fresti eins oft og eigandi kys til að viðhalda skráningu merkis. Heildarfjöldi endurnýjaðra vörumerkja á árinu 2014 var 2.229 samanborið við 2.436 árið 2013. Alþjóðahugverkastofnunin tilkynnti Einkaleyfastofnuni um 1.380 endurnýjaðar alþjóðlegar skráningar en 849 landsbundin vörumerki voru endurnýjuð.

Faggildingarsvið

Faggildingarsvið – ISAC er sjálfstætt starfandi svið innan Einkaleyfastofunnar og starfar samkvæmt lögum um faggildingu o.fl. nr. 24/2006, reglugerð nr. 566/2013 um markaðseftirlit, faggildingu o.fl. og staðlinum ÍST EN ISO/ IEC 17011 Samræmismat – Almennar kröfur vegna faggildingarstofa sem faggilda samræmismatsstofur.

Faggilding er mat á hæfni prófunar-, skoðunar- og vottunarstofa til að meta samræmi við tæknilegar kröfur sem eru m.a. tilgreindar í reglugerðum og/eða stöðlum. Faggilding má ekki vera háð samkeppni vegna þess hlutverks hennar að tryggja að ekki sé vikið frá stöðlum er varða samkeppni milli aðila sem láta í té vörur og þjónustu. Faggilding er starfrækt alþjóðlega og miðar að því að vara sem er prófuð, skoðuð eða vottuð í einu landi af faggildum aðila sé viðurkennd í öllum löndum þar sem faggilding er starfrækt. Í Evrópu eru starfandi faggildingarstofur í meira en 40 löndum.

Á faggildingarsviði ISAC er einn starfsmaður sem sér um daglegan og faglegan rekstur sviðsins. Við framkvæmd faggildingarmats og/eða faggildingareftirlits ræður sviðið til sín tæknilega matsmenn eða sérfræðinga til aðstoðar við mat á samræmi á tæknilegum kröfum. Faggildingarsvið er í samstarfi við SWEDAC faggildingarstofuna í Svíþjóð um mat á nokkrum prófunarstofum.

Á árinu voru 45 virkar faggildingar. Prófunarstofur voru alls sjö á sviði matvæla, lögmælifræði og klínískra mælinga, vottunarstofur tvær, annars vegar á sviði lífrænnar framleiðslu og hins vegar vottunarstofa sem vottar stjórnkerfi og þá voru 36 skoðunarstofur fyrir ökutæki, ökurita, skip, raforkuvirki, leiksvæði, lyftur og markaðseftirlit. Í upphafi ársins voru tvær faggildingar felldar niður að beiðni handhafa en var um að ræða eina faggildingu á sviði skipaskoðunar og aðra vegna markaðseftirlits með rafföngum á markaði. Sviðinu bárust þrjár nýjar umsóknir um faggildingu á árinu þar sem er um að ræða nýja faggildingu fyrir skoðunarstofur sem ætlað er að skoða gæðastjórnunarkerfi hönnuða og hönnunarstjóra, byggingastjóra og iðnmeistara samkvæmt ákvæðum í byggingareglugerð. Er gert ráð fyrir að faggildingarmat vegna þessa umsókna fari fram á síðari hluta árs 2015. Á árinu var hafist handa við að meta hæfni skoðunarstofa út frá nýjustu útgáfu staðalsins um skoðunarstofur, ISO 17020:2012.

Reglugerð Evrópusambandsins númer 765/2008 um faggildingu og markaðseftirlit var innleidd í íslenskan rétt með reglugerð nr. 566/2013 í júní 2013. Það hefur haft í för með sér töluverða stefnumótunar- og skipulagsvinnu á faggildingarsviðinu og voru haldnir nokkrir fundir milli faggildingarsviðs og ráðuneytis á árinu um næstu skref í átt að uppfylla kröfur reglugerðarinnar.

Einkaleyfastofan er fullgildur aðili að Evrópusamtökum um faggildingu (European Accreditation (EA)) og voru tveir aðalfundir samtakanna sóttir á árinu sem og tveir fundir fastanefndar um marghliðasamkomulag (EA MAC) og tveir fundir skoðunar- og vottunarnefnda. Einnig voru tveir fundir NORDA samtakanna sóttir en það eru samtök faggildingastofa á Norðurlöndunum og í Eystarsaltsríkjunum.

Laga- og reglugerðabreytingar

Einungis ein breyting átti sér stað á árinu á þeim lögum sem Einkaleyfastofan starfar eftir, þ.e. á lögum nr. 45/1997 um vörumerki með nýjum lögum um vernd afurðarheita sem samþykkt voru á árinu. Breytt túlkun á svonefndri yfirskrift vöru- og þjónustuflokka (e. class headings) var jafnframt kynnt í árslok 2013 og tók hún gildi 1. janúar 2014.

Yfirskrift vöru- og þjónustuflokka NICE flokkunarkerfisins er frá 1. janúar 2014 túlkuð á þann veg að hún taki eingöngu til þeirra vara eða þjónustu sem tilgreind er en ekki til allra vara eða þjónustu í viðkomandi flokki. Breyting þessi er í samræmi við túlkun Alþjóðahugverkastofnunarinnar og OHIM. Á sama tíma var innleidd takmörkun á yfirskriftum flokka nr. 6, 7, 14, 16, 17, 18, 20, 37, 40 og 45 í ljósi þess að hluti þeirra var talinn of víðtækur og þarf því að tilgreina þær vörur/þjónustu nánar sem takmörkunin nær til. Við endurnýjun merkja sem lögð voru inn fyrir 1. janúar 2014 er eigendum heimilt, ef merki er skráð fyrir yfirskrift flokks, að tilgreina nánar til hvaða vara eða þjónustu óskað er eftir að skráningin nái til. Ef það er ekki gert við endurnýjun, verður litið svo á að yfirskriftin taki til þeirra vara eða þjónustu sem tilgreind er. Nánari upplýsingar um framkvæmd vegna þessa hafa verið birtar á vefsíðu stofnunarinnar.

Þann 22. desember 2014 tóku gildi lög nr. 130/2014 um vernd afurðarheita sem vísa til uppruna, landsvæðis eða hefðbundinnar sérstöðu. Frumvarpið var unnið af starfshópi sem skipaður var haustið 2012 af atvinnuvega- og nýsköpunar-ráðuneyti og byggir að meginstefnu til á löggjöf Evrópusambandsins um sama efni, einkum reglugerð nr. 1151/2012 um gæðakerfi fyrir landbúnaðarafurðir og matvæli.

Matvælastofnun hefur umsjón með umsóknum, málsmeðferð og skráningum afurðarheita, en skal leita umsagnar frá Einkaleyfastofunni við meðferð umsókna.

Með 42. gr. laganna bættist nýr töluliður við 1. mgr. 14. gr. vörumerkjalaga. Samkvæmt 10. tl. 1. mgr. er nú óheimilt að skrá vörumerki ef til staðar er afurðarheiti sem er eins eða líkt því vörumerki sem sótt er um skráningu fyrir eigi það að standa fyrir eins eða svipaðar vörur. Það skilyrði er þó sett að umsókn um afurðarheiti hafi verið lögð inn á undan umsókn um skráningu merkisins.

Ýmsir málaflokkar

Fræðslu- og kynningarmál

Einkaleyfastofan kom að ýmsum viðburðum í tengslum við fræðslu- og kynningu á hugverkaréttindum á árinu. Meðal annars voru haldnar kynningar fyrir starfsmenn Rannís og Tækniþróunarsjóðs sem og Félag kvenna í atvinnurekstri. Nemendur í Tollskólanum voru heimsóttir og nemendur úr Listaháskóla Íslands sóttu Einkaleyfastofuna heim á vormánuðum. Þá voru haldnir sérsniðnir fyrirlestrar fyrir þátttakendur í nýsköpunarkeppni grunnskólanema, meistaranema í matvæla- og næringarfræði við Háskóla Íslands og fyrir nemendur í lögfræði við sama skóla. Nokkrir grunnskólar voru heimsóttir en Einkaleyfastofan hefur um nokkurra ára skeið lagt áherslu á að fræða börn og unglinga um hugverkaréttindi.

Innlent samstarf

Hugverkastefna

Á síðari hluta ársins skipaði atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið stýrihóp um hugverkastefnu fyrir Ísland og tók hann til starfa í septembermánuði. Sérstök hugverkastefna hefur ekki áður verið sett hér á landi en algengt er að stjórnvöld móti sérstaka stefnu í þessum mikilvæga málaflokki.

Stýrihópin skipa Borghildur Erlingsdóttir, forstjóri, f.h. Einkaleyfastofunnar; Gunnar Örn Harðarson f.h. Félags umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa (FUVE); Þorlákur Jónsson f.h. Félags einkaleyfasérfræðinga (FEIS) og Brynhildur Pálmarsdóttir f.h. atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytis. Starfsmaður hópsins er Margrét Hjálmarsdóttir frá Einkaleyfastofunni. Einnig var á sama tíma skipaður vinnuhópur sem starfa mun með stýrihópi að vinnslu stefnunnar.

Nýsköpunartorg

Einkaleyfastofan tók þátt í Nýsköpunartorgi sem haldið var í Háskólanum í Reykjavík dagana 23. og 24. maí. Um var að ræða fagráðstefnu um starfsumhverfi og uppbyggingarferli nýsköpunarfyrirtækja og sýningu þar sem fyrirtæki og stofnanir kynntu meðal annars árangur í nýsköpun. Nýsköpunartorgið sem haldið var í tengslum við 20 ára afmæli Samtaka iðnaðarins og 10 ára afmæli Tækniþróunarsjóðs var samstarfsverkefni nokkurra bakhjarla og var Einkaleyfastofan þeirra á meðal.

Einkaleyfastofan setti upp upplýsingabás þar sem öll verndarsvið voru kynnt og starfsmenn upplýstu gesti um starfsemi Einkaleyfastofunnar og þá þjónustu sem hún hefur uppá að bjóða á sviði hugverkaréttar. Að auki var sýning á fölsuðum varningi sem vakti mikla athygli gesta og fjölmiðla. STEF, Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar, hélt fyrirlestur í samstarfi við Einkaleyfastofuna á Nýsköpunartorgi og var hægt að nálgast upplýsingar um starfsemi félagsins á sýningarbásnum.

Frá Nýsköpunartorgi sem haldið var í Háskólanum í Reykjavík





Í tengslum við ráðstefnuna hélt Einkaleyfastofan einnig námskeið í samstarfi við EPO um Espacenet leitarvélina. Kennari námskeiðsins var Roland Feinäugle sérfræðingur hjá EPO og tók hann einnig þátt í kynningarstarfi Einkaleyfastofunnar á Nýsköpunartorginu. Námskeiðið var vel sótt og létu nemendur vel af námskeiðinu sem þótti afar gagnlegt.

Samstarf um aðgerðir gegn brotum á hugverkaréttindum

Tveir fundir samstarfshóps sem vinnur að aðgerðum gegn brotum á hugverkaréttindum voru haldnir á árinu þar sem meðal annars var rætt um mögulegar breytingar á tollalögum, umfangsmikil lyfja- og matvælafølsunarmál og fleira. EU Observatory on Infringement of Intellectual Property Rights hélt þrjá samstarfsfundi á árinu þar sem fulltrúum Evrópusambands og EFTA-ríkja var boðið að taka þátt. Forstjóri sótti fundi sem haldnir voru í Aþenu í apríl og í Róm í nóvember og sviðsstjóri rekstrarsviðs sótti fund sem haldinn var hjá OHIM í Alicante í október.

Upplýsingasetur um einkaleyfi

Einkaleyfastofan er með samstarfssamninga við Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Rannsóknarþjónustu Háskóla Íslands um rekstur upplýsingasetra um einkaleyfi. Upplýsingasetrin á Íslandi eru hluti af tengslaneti upplýsingasetra (e. PATLIB network) sem er samstarf EPO við einkaleyfastofur aðildarríkja evrópska einkaleyfasamningsins (EPC) og upplýsingasetrin í aðildarríkjunum. EPO veitir ýmsa styrki til stuðnings starfseminni og má m.a. nefna að einn starfsmaður Rannsóknarþjónustu Háskóla Íslands sótti árlega PATLIB ráðstefnu sem haldin var í Istanbul í maí. Starfsmaður Rannsóknarþjónustunnar var jafnframt þátttakandi í undirbúningsnefnd ráðstefnunnar og starfsmaður Nýsköpunarmiðstöðvar var valinn í undirbúningsnefnd fyrir PATLIB 2015.

Hagnýtingarverðlaun HÍ

Hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands voru afhent, í sextánda sinn, við hátíðlega athöfn þann 20. nóvember á Hátíðarsal skólans. Sama dag hélt WIPO í samvinnu við Háskóla Íslands og Einkaleyfastofuna ráðstefnu undir yfirskriftinni „Patent Awareness and Technology Transfer“.

Samkeppnin er samstarfsverkefni Háskóla Íslands, Tæknigarðs, Einkaleyfastofunnar og Árnason Faktor og er markmiðið með veitingu verðlaunanna að laða fram hagnýt verkefni sem starfsmenn og nemendur vinna að og stuðla að nýsköpun innan Háskólans.

Þrettán tillögur bárust í keppnina í ár og voru veitt verðlaun fyrir þrjú efstu sætin. Val á verðlaunaverkefnum var í höndum sérstakrar dómnefndar sem horfði m.a. til þess hversu fljótt væri hægt að hagnýta tillöguna, hvort hún styddi við stefnu og starfsemi háskólans, hversu frumleg hún væri og hvaða ávinning hún hefði fyrir samfélagið. Verkefnið „Marsýn – SeaState upplýsingakerfi fyrir sæfarendur“ hlaut fyrstu verðlaun keppinnar í ár en nánar er fjallað um keppnina á vef Háskóla Íslands.

Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda

Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda var haldin í 23. sinn á árinu og lauk henni með vinnusmiðju nemenda og afhendingu verðlauna sunnudaginn 25. maí. Alls bárust hugmyndir frá 1800 þátttakendum frá 32 grunnskólum sem kenna á miðstigi víða um land og fengu ellefu þátttakendur verðlaun fyrir hugmyndir sínar af þeim 39 þátttakendum sem tóku þátt í úrslitum.

Keppnin fór fram í Sólinni í Háskólanum í Reykjavík og voru verk nemenda jafnframt sýnd á Nýsköpunartorgi sem fram fór í háskólanum dagana 23. – 24. maí. Einkaleyfastofan tók virkan þátt sem fyrr og skiptu starfsmenn með sér mati á umsóknum, kynningu á hugverkarétti og dómarastörfum.

Nánari upplýsingar um keppnina og verðlaunahafa má finna á síðunni www.nkg.is

FUVE og FEIS

Einkaleyfastofan fundaði með hagsmunaaðilum, Félagi umboðsmanna í vörumerkja- og einkaleyfamálum (FUVE) og Félagi einkaleyfasérfræðinga (FEIS). Slíkir samráðsfundir eru að jafnaði haldnir tvisvar á ári. Fundirnir eru mikilvægir, bæði í því skyni að miðla upplýsingum og eins til að tryggja að stofnunin þjónusti viðskiptavinum sínum í samræmi við væntingar.

Erlent samstarf

EPO – Evrópska einkaleyfastofan

Þann 1. nóvember 2014 voru liðin 10 ár frá því aðild Íslands að evrópska einkaleyfissamningnum tók gildi. Af því tilefni var fulltrúum hagsmunaaðila og umboðsskrifstofa boðið til móttöku á Einkaleyfastofunni þar sem m.a. var farið yfir aðdraganda aðildarinnar að samningnum og hverju það hefði í raun breytt fyrir bæði Einkaleyfastofuna og umfang gilda einkaleyfa hér á landi. Starfsmenn Einkaleyfastofunnar hafa átt kost á því að fá endurmenntun á vegum EPO og taka þátt í ýmsum viðburðum á vegum þeirra. Sama á að einhverju leyti við um starfsmenn upplýsingasetra á Íslandi. Þá hefur fjöldi einkaleyfa í gildi hér á landi vaxið gríðarlega frá árinu 2004 en vöxtinn má rekja til þeirra evrópsku einkaleyfa sem hafa verið staðfest hér á landi. Fjöldi evrópskra einkaleyfa sem eru í gildi á Íslandi í dag er um 4.000.

Þátttaka Einkaleyfastofunnar í starfsemi EPO fer að mestu leyti fram í framkvæmdaráði og fjármálanefnd sem og í tveimur ráðgefandi nefndum, laganefnd og tækninefnd. Framkvæmdaráð (e. Administrative Council) fundaði fjórum sinnum á árinu og sóttu forstjóri og sviðsstjóri rekstrarsviðs fundina. Á fundunum eru teknar ákvarðanir um mál sem afgreidd hafa verið úr fjármálanefnd og öðrum nefndum en einnig eru þar teknar ákvarðanir um önnur mál sem varða starfsemi EPO. Málefni og réttindi starfsmanna voru áberandi á fundum ráðsins líkt og árið á undan en unnið er að innleiðingu nýrra reglna varðandi starfsmenn sem byggja á áætlun (e. HR Roadmap) sem samþykkt var af framkvæmdaráðinu í desember 2011. Áætlunin miðar að því að nútímavæða starfsumhverfi EPO, svo sem varðandi veikindaleyfi, fjarvinnu, starfsþróun og fleira. Á fundi ráðsins í júní var samþykkt að framlengja ráðningartíma forstjóra, Benoît Battistelli, um þrjú ár en hann hafði sjálfur óskað eftir framlengingu á ráðningu sinni til þess að geta lokið við innleiðingu á ýmsum umfangsmiklum breytingum innan stofnunarinnar.

Þrjár fundir voru haldnar í fjármálanefnd (e. Budget and Finance Committee) en fundina sótti sviðsstjóri rekstrarsviðs. Allar fjárhagslegar skuldbindingar EPO koma til afgreiðslu nefndarinnar, þar með talið fjárhagsáætlanir, gjaldskrármál og ýmsir samningar. Auk fastra liða voru breytingar á fjármálareglugerð og breytingar á starfsþróunarkerfi á meðal þeirra mála sem lögð voru fyrir nefndina.

Tveir fundir voru haldnar í tækninefnd EPO (e. Technical and Operational Support Committee) á árinu. Sviðsstjóri einkaleyfasviðs og yfirlögfræðingur sóttu fyrri fundinn en yfirlögfræðingur þann síðari. Á fyrri fundinum, sem haldinn var í maímánuði, var einkum rætt um samstarfsmál EPO, yfirstandandi verkefni og þróun nýrra verkefna bæði varðandi endurmenntun og hugbúnað. Þá voru kynnt drög að endurskoðuðum áætlunum varðandi samstarfs-, gæða- og hugbúnaðarmál sem ætlunin var að leggja fram á árlegum samstarfsfundi í júní. Á síðari fundinum, sem haldinn var í nóvember, var þróun nýs hugbúnaðar fyrir móttöku einkaleyfisumsókna og uppfærslur á öðrum kerfum sem EPO hefur umsjón með kynnt og farið yfir stöðu helstu verkefna.

Einn fundur var haldinn í maí í laganefnd EPO (e. Committee on Patent Law) og sótti yfirlögfræðingur fundinn. Farið var yfir lokaskýrslu svonefnds Tegernsee-hóps sem hefur haft það hlutverk sl. ár að skoða frekari samræmingu einkaleyfalöggjafar varðandi griðtíma (e. grace period), birtingu við 18 mánuði (e. 18 month publication), eldri réttindi (e. prior user rights) og umsóknir sem skarast (e. conflicting applications). Þá voru lagðar til smávægilegar breytingar á nokkrum ákvæðum framkvæmdareglugerðarinnar, þ.e. reglum 124, 125, 126, 127 og 129 en þær munu einkum gera EPO kleift að haga samskiptum við umsækjendur rafrænt og leita til samkeppnisaðila varðandi póstdreifingu. Að síðustu var skipst á upplýsingum um framkvæmd aðildarríkjanna í tengslum við lagfæringar á einkaleyfisumsóknum með tilvísun til fyrri umsóknar (e. incorporation by reference) sem fjallað er um í 56. reglu framkvæmdareglugerðarinnar. Sú regla á sér samsvörun í reglum 2(4) og 20 PCT sáttmálans. Ljóst var af umræðum að framkvæmdin er afar mismunandi eftir aðildarríkjum, sum gera kröfu um að sama atriði komi fram í forgangsréttarskjali en önnur ekki auk þess sem sum ríki leyfa innfærslu á lýsingu eða kröfum í heild sinni en önnur ekki.

Sviðsstjóri rekstrarsviðs sótti einn fund í undirnefnd Evrópusambandsins (e. Select Committee) vegna þeirrar undirbúningsvinnu sem á sér stað vegna tilkomu svæðisbundins einkaleyfis (e. Unitary Patent). Nefndin var sett upp af þeim 25 aðildarríkjum Evrópusambandsins sem eru þátttakendur í verkefninu í þeim tilgangi að hafa eftirlit með því hvernig ferlið verður mótað, þeirri starfsemi EPO sem tengist framkvæmd þessarar verndar og til að stilla upp gjaldakerfi og -dreifingu. Auk þeirra 25 ríkja sem standa að Unitary Patent hafa öll aðildarríki EPO stöðu áheyrnarfulltrúa á fundunum. Fundurinn var 11. fundur nefndarinnar en sá fyrsti sem fulltrúi Einkaleyfastofunnar sótti.

EPO Co-operation

Einkaleyfastofan átti mjög gott samstarf við EPO eins og undanfarin ár og sóttu starfsmenn ýmis námskeið, viðburði og samstarfsfundi á árinu. Á grundvelli samstarfsáætlunar EPO (e. Bilateral Cooperation Plan – BCP) og Einkaleyfastofunnar er veittur fjárhagslegur stuðningur til þátttöku í slíkum viðburðum auk þess sem Einkaleyfastofan er undanþegin greiðslu námskeiðskostnaðar.

Í marsmánuði var árlegur kynningarfundur um endurmenntun EPO haldinn í München og í maí sótti starfsmaður Einkaleyfastofunnar hina árlegu PATLIB ráðstefnu ásamt starfsmanni rannsóknarþjónustu Háskóla Íslands. Eitt námskeið var sótt af starfsmanni Einkaleyfastofunnar varðandi skiptingu árgjalda og tveir samráðsfundir voru sóttir annars vegar um CPC (e. Cooperative Patent Classification) og hins vegar um vélþýðingarþjónustu á einkaleyfum sem unnið er í samstarfi við Google og fyrirhugaðar breytingar á gagnagrunnum um einkaleyfi (Data Acquisition based on Quality at Source).

Árlegur samstarfsfundur aðildarríkja EPO (e. Annual Meeting on Cooperation) var að þessu sinni haldinn í júní á grísku eyjunni Krít. Fundinn sóttu forstjóri og yfirlögfræðingur. Á fundinum var farið yfir markmið samstarfsins og var endurskoðuð samstarfsáætlun til ársloka 2017 kynnt. Sú áætlun hlaut einróma samþykki framkvæmdaráðsins á fundi þess í lok júní. Þá var farið yfir stöðu helstu verkefna og ný markmið til næstu ára kynnt. Megináhersla næstu árin

verður á að útbúa einn sameiginlegan gagnagrunn fyrir einkaleyfi þar sem nálgast má allt í senn lagalega stöðu, efni umsókna og veittra einkaleyfa, sem og lista og tengla á einkaleyfafjölskyldur. Þá verður áfram lögð áhersla á endurmenntun, jafnt fyrir starfsfólk einkaleyfastofa sem og dómara og ráðgjafa á þessu sviði.

Einn mikilvægur þáttur samstarfs Einkaleyfastofunnar og EPO er sá stuðningur sem EPO býður upp á í tengslum við EQE-prófið (e. European Qualification Examination - EQE) sem er próf sem veitir réttindi til meðhöndlunar EP umsókna og einkaleyfa gagnvart EPO. Markmið stuðningsins, sem er bæði fjárhagslegur og faglegur, er að fjölga þeim í stétt sérfræðinga eða umboðsmanna á þessu sviði sem hafa réttindi samkvæmt prófi en flestir þeir sem sinna þessum málum hér fengu svokölluð „Grandfather“-réttindi þegar Ísland gerðist aðili að EPO árið 2004. Einn íslenskur fulltrúi var valinn til þátttöku í verkefninu (e. EQE Candidate Support Project – CSP) á árinu, Anna Valborg Guðmundsdóttir, PhD í efnafræði og sérfræðingur hjá Actavis Group. Hún var þ.a.l. ein af 31 fulltrúa sem hlaut styrk í formi þjálfunar, námsgagna, funda o.fl. fyrir töku undirbúningsprófsins (e. EQE Pre-Examination) vorið 2015 og aðalprófs (fjórskipts) í kjölfar þess næstu 2-3 árin.

Vinna hófst í árslok við endurskoðun samstarfsáætlunar EPO og Einkaleyfastofunnar en gildandi áætlun nær til ársloka 2015. Reiknað er með að vinnu við endurskoðun ljúki á haustmánuðum 2015

EFTA

Tveir fundir voru haldnir í hugverkanefnd EFTA á árinu en á þeim fundum gefst Einkaleyfastofunni tækifæri til að fylgjast með því sem er efst á baugi í málum varðandi hugverkaréttindi innan Evrópusambandsins. Fundirnir voru haldnir í júní og nóvember og sóttu þá forstjóri og yfirlögfræðingur.

Á fundunum var helst rætt um fyrirhugaðar breytingar á reglugerð og tilskipun um vörumerki en í byrjun árs sendi hópurinn frá sér álitserð til Evrópusambandsins um þau atriði gerðanna sem ýmist voru talin vera í ósamræmi við löggjöf EFTA-ríkjanna eða talin mega betur fara. Vinna við endurskoðunina er langt komin en farið verður yfir tillögur EFTA-ríkjanna áður en endanleg útgáfa gerðanna verður samþykkt. Þá var greint frá þróun mála varðandi svæðisbundið einkaleyfi (e. Unitary Patent), fullgildingu aðildarríkja Evrópusambandsins á dómstólasamningi og þeirri undirbúningsvinnu sem á sér stað bæði hjá EPO og þeim nefndum sem skipaðar hafa verið til að tryggja að reglur varðandi málsmeðferð verði til staðar þegar samningurinn og viðeigandi gerðir taka gildi. Í árslok 2014 höfðu sex ríki fullgilt dómstólasamninginn en fullgilding 13 ríkja, þar af Frakklands, Bretlands og Þýskalands, þarf að liggja fyrir áður en reglugerðir um meðhöndlun þessara einkaleyfa taka gildi.

Þá er í skoðun innan Evrópusambandsins að setja tilskipun um vernd viðskiptaleyndarmála (e. Trade Secrets) og hvort setja eigi reglur um afurðarheiti með uppruna- eða staðarvísun sem ekki teljast til landbúnaðarafurða (e. non-agricultural geographical indications). Hugverkahópur EFTA fær reglulega upplýsingar um stöðu þessarar vinnu, en hvort tveggja er enn á undirbúningsstigi.

Af Íslands hálfu voru m.a. kynntar þær breytingar sem innleiddar voru hér á landi í ársbyrjun á túlkun yfirskriftar NICE-flokkunarkerfisins. Þá voru veittar upplýsingar um gang mála vegna tveggja reglugerða sambandsins varðandi viðbótarvernd, en samþykkt var í árslok af Íslands hálfu að færa vald vegna álagningar sekta í tengslum við markaðsleyfi til Eftirlitsstofnunar EFTA (e. EFTA Surveillance Authority– ESA). Áður höfðu Liechtenstein og Noregur samþykkt þær breytingar. Vonir standa því til þess að gerðirnar, reglugerðir nr. 469/2009 og 1901/2006, verði innleiddar í EES-samninginn árið 2015.

Evrópusambandið OHIM – Liaison

Í október 2013 gerðu Einkaleyfastofan og OHIM með sér samkomulag um aukið samstarf milli stofnananna. Samkomulagið kvað meðal annars á um þátttöku Íslands í TMview, TMclass og Design view. Vinna við innleiðingu á TMview og TMclass hófst strax í janúar en bæði verkefni voru að fullu innleidd í nóvember. Strax í kjölfarið hófst undirbúningur við þátttöku í Design view en áætlað er að því verkefni ljúki í júní 2015. Allur kostnaður vegna þessara verkefna er að fullu greiddur af OHIM.

OHIM hefur á síðustu árum lagt mikla áherslu á uppbyggingu akademíu og miðar samkomulag milli Einkaleyfastofunnar og OHIM að auknu aðgengi að þjálfun fyrir starfsmenn. Fjórir starfsmenn sóttu sérsniðin námskeið á sviði vörumerkja og hönnunar á árinu og þó nokkur vefnámskeið (e. webinar) voru sótt. Akademían hefur einnig lagt mikla áherslu á þjálfun og fræðslu fyrir dómara og í kjölfar samræmdra reglna fyrir umsóknar- og aðildarríki stendur íslenskum dómurum til boða margvísleg þjálfun og fræðsla á sviði vörumerkja- og hönnunarréttar.

Líkt og undanfarin ár sótti Einkaleyfastofan fasta samráðsfundi OHIM. Sviðsstjóri vörumerkjasviðs ásamt lögfræðingum sviðsins sóttu samráðsfundi um vörumerki í júní og október og yfirlögfræðingur ásamt sviðsstjóra einkaleyfa- og hönnunarsviðs sóttu samráðsfund um hönnun í október. Þá sóttu sviðsstjórar vörumerkja- og rekstrarsviðs einnig samráðsfund vegna tækni- og samstarfs- verkefna í febrúar. Vegna stöðu Íslands sem umsóknarríkis greiddi OHIM ferðakostnað vegna fundanna.

Þann 1. júlí 2014 samþykkti Evrópusambandið aðgerðaráætlun í 10 liðum gegn brotum á hugverkaréttindum. Í kjölfar þess var nefnd sérfræðinga frá aðildarríkjum sambandsins sett á fót, sem hefur það hlutverk að vera til ráðgjafar um stefnumótun á sviðinu, rýna löggjöf sambandsríkjanna og skiptast á upplýsingum um „best practice“ o.fl. Ísland hefur áheyrnaraðild í nefndinni og sótti fulltrúi Einkaleyfastofunnar fyrsta fund sérfræðingahópsins í byrjun nóvember. Nánari upplýsingar um störf nefndarinnar má finna á slóðinni http://ec.europa.eu/internal_market/iprenforcement/expert_group/index_en.htm

Norrænt samstarf

Tveir fundir voru haldnir meðal forstjóra Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna á árinu. Sá fyrri var haldinn í Helsinki í apríl en sá seinni í tengslum við allsherjarþing Alþjóðahugverkastofnunarinnar í Genf í september. Á fundunum er almennt rætt um þær breytingar og þau brýnu málefni sem eru efst á baugi hverju sinni á sviði hugverkaréttar. Sameiginlegt einkaleyfakerfi innan Evrópu var mikið rætt og þau áhrif sem slíkt kerfi myndi mögulega hafa á skrifstofur aðildarríkjanna og þróun innan Evrópu og víðar.

Í apríl var haldinn fundur um markaðssetningu. Sviðsstjóri rekstrarsviðs sótti fundinn en tilgangur fundarins var að skiptast á upplýsingum um stefnu í markaðsmálum og mögulegt samstarf skrifstofanna á því sviði. Á sama tíma var haldinn fundur í samráðshópi um einkaleyfi en hann sótti sviðsstjóri einkaleyfa- og hönnunarsviðs ásamt yfirlögfræðingi. Á fundinum var m.a. farið yfir stöðu þeirra ríkja sem aðild eiga að Evrópusambandinu varðandi innleiðingu svæðisbundins einkaleyfis (e. Unitary Patent) en breytinga á lögum um einkaleyfi er þörf m.a. í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi vegna þess. Þá var einnig rætt um rafræna útgáfu einkaleyfa, samstarf vegna flýtimeðferðar (PPH) og gæðamál svo fátt eitt sé nefnt.

Í september sóttu sviðsstjóri einkaleyfa- og hönnunarsviðs ásamt gæðastjóra fund í Kaupmannahöfn sem helgaður var gæðakerfum og meðferð einkaleyfa. Var þetta í fyrsta sinn sem fulltrúar gæðamála norrænu stofnananna sátu slíkan samstarfsfund þar sem farið var yfir ferli og sameiginleg áhersluatriði.

Í nóvember sóttu sviðsstjóri vörumerkjasviðs og yfirlögfræðingur fund fulltrúa norrænu stofnananna. Á fundinum var farið yfir stöðu landanna varðandi meðferð vörumerkjamála og tillögur að sameiginlegum mælikvörðum til mats á ferlinu skoðaðar.

Nordic Patent Institute

Starfsemi Nordic Patent Institute (NPI) var með svipuðu sniði og síðustu ár. Við stofnunina starfa forstjóri og aðstoðarforstjóri en að öðru leyti byggir stofnunin starfsemi sína á þeim mannauði sem þegar er til staðar í einkaleyfastofum aðildarríkjanna, þ.e. Danmerkur, Íslands og Noregs. Stjórn NPI fundaði reglulega á árinu og fóru fundirnir að jafnaði fram í gegnum fjarfundabúnað. Þá var tveggja daga stefnumótunar- og stjórnarfundur haldinn á Íslandi í nóvember þar sem rætt var um helstu áherslur í starfseminni og áætlanagerð næsta árs.

Tveir fundir voru haldnir í markaðshópi á árinu, báðir í Kaupmannahöfn, en að öðru leyti fóru fundirnir fram í gegnum fjarfundabúnað og framleiðsluhópur fundaði um það bil einu sinni í mánuði í gegnum fjarfundabúnað.

WIPO – Alþjóðahugverkastofnunin

Forstjóri Alþjóðahugverkastofnunarinnar, Francis Gurry, var endurkjörinn í maí 2014 og hóf sitt annað sex ára tímabil þann 1. október 2014 til loka september 2020. Endurkjöri hans fylgdu jafnframt skipulagsbreytingar.

Fimmtugasta og fjórða allsherjarþing WIPO var haldið dagana 22. – 30. september 2014 í nýjum ráðstefnusal sem var formlega tekinn í notkun við setningu þingsins. Fundinn sóttu forstjóri og yfirlögfræðingur. Á þessu árlega þingi er farið yfir starfsemi WIPO í heild, áætlanir, helstu verkefni og fjármál en auk þess eru lagðar fram til samþykkis breytingar á þeim samningum sem nefndir aðildarríkjanna hafa unnið að og stofnunin hefur umsjón með.

Á þinginu kom fram að árið hefði gengið ágætlega og að umsóknarfjöldi á öllum sviðum hefði aukist og farið framúr áætlunum. Breytingar voru meðal annars samþykktar á reglugerðum PCT-sáttmálans, Madrid Protocol og gjaldskrá sem munu ganga í gildi 1. júlí 2015.

Þann 20. nóvember var í sal Þjóðminjasafnsins haldin ráðstefna á vegum WIPO í samstarfi við Háskóla Íslands og Einkaleyfastofuna undir yfirskriftinni „Co-operation on IP Awareness and University Technology Transfer“. Tilgangur ráðstefnunnar var einkum sá að vekja athygli á mikilvægi hugverkaréttar við hagnýtingu rannsókna og hvetja til umræðu um gildi nýsköpunar fyrir íslenskt samfélag. Kristín Ingólfssdóttir, rektor, opnaði ráðstefnuna en fundarstjóri var Ásta Valdimarsdóttir, fyrrverandi forstjóri Einkaleyfastofunnar og nú yfirmaður á vörumerkja- og hönnunarsviði WIPO. Erindi héldu Benedict Leadbetter ráðgjafi um hugverkaréttindi hjá WIPO, Hilmar Bragi Janusson, forseti verkfræði- og náttúruvísindasviðs HÍ, Rögnvaldur Sæmundsson, dósent við HÍ og Kristján Freyr Kristjánsson frá fyrirtækinu Meniga.

PPH samsarf

Flýtimeðferð einkaleyfisumsókna (e. Patent Prosecution Highway) eða PPH er valkostur sem staðið hefur íslenskum umsækjendum til boða frá árinu 2011, fyrst vegna umsókna til og frá Japan og Bandaríkjunum. Yfirmarkmið PPH er að stytta afgreiðslutíma einkaleyfisumsókna og einfalda rannsóknarferlið og eru mörg ríki með slíka samninga sín á milli.

Þann 6. janúar 2014 hófst tilraunaverkefni 17 ríkja, þ.á m. Íslands, um það sem nefnt hefur verið Global Patent Prosecution Highway (GPPH). Um er að ræða tvíhliða ferli, bæði landsbundið PPH ferli og PCT-PPH. Tvö ríki bættust í hópinn á síðari hluta ársins og tvö til viðbótar hafa óskað eftir að gerast aðilar að samkomulaginu árið 2015.



Frá undirritun PPH samstarfs á milli Einkaleyfastofunnar og kínversku einkaleyfastofunnar, SIPO

Þann 1. júlí 2014 hófst enn fremur PPH samstarf Einkaleyfastofunnar og kínversku einkaleyfastofunnar SIPO. Um er að ræða tilraunaverkefni til tveggja ára um tvíhliða landsbundið PPH ferli og PCT-PPH ferli vegna umsókna frá Kína til Íslands.

Einkaleyfastofunni barst ein umsókn um flýtimeðferð á árinu frá Japan en tveir íslenskir umsækjendur óskuðu eftir flýtimeðferð landsbundinna umsókna í Bandaríkjunum.

Annað alþjóðlegt samstarf

Fulltrúar frá Henan Intellectual Property Office í Kína heimsóttu Einkaleyfastofuna í ágúst en um er að ræða eina af héraðsskrifstofum SIPO. Á fundinum var skipst á upplýsingum um starfsemi stofnananna auk þess sem samkomulag um frekara samstarf stofnananna varðandi fræðslu og þjálfun var undirritað.

Forstjóri og sviðsstjóri vörumerkjasviðs tóku þátt í árlegri ráðstefnu International Trademark Association (INTA) sem haldin var í Hong Kong, 10-14 maí. Ráðstefnan var haldin í 136. skipti. Þátttakendur á ráðstefnunni voru ríflega 8.000 og komu frá 140 löndum. Boðað var til ýmissa funda meðan á ráðstefnunni stóð sem sérstaklega er beint að einkaleyfa- og vörumerkjafirvöldum.

Starfsmannamál

Starfsmannaveita var heldur minni en undanfarin ár eða 7,5%. Starfsmenn Einkaleyfastofunnar voru 26 í árslok og hafði starfsmönnum fækkað um tvo frá því árið á undan. Tveir starfsmenn létu af störfum á árinu og tveir starfsmenn fóru í fæðingarorlof. Tveir starfsmenn voru ráðnir tímabundið, þar af einn í hlutastarf. Þá voru tveir sumarstarfsmenn ráðnir til starfa og var annar þeirra ráðinn í gegnum áttak Vinnuálastofnunar um sumarstörf fyrir námsmenn.

Starfsmenn sóttu endurmenntun af ýmsu tagi á árinu en eitt af meginmarkmiðum Einkaleyfastofunnar er að starfsmenn geti viðhaldið og aukið við faglega þekkingu sína með sí- og endurmenntun. Þannig sóttu starfsmenn m.a. námskeið í launavinnslu og fjármálum opinberra stofnana, rafrænni skjalavistun, almennri tölvuvinnslu og vefsíðugerð svo eitthvað sé nefnt. Að auki voru sótt sérsniðin einkaleyfanámskeið á vegum EPO sem og sérsniðin vörumerkja- og hönnunarnámskeið á vegum OHIM og Alþjóðahugverkastofnunarinnar. Þá sóttu tveir sviðsstjórar stjórnendanámskeið hjá EPO undir yfirskriftinni IP Executive week en um var að ræða samstarfsverkefni EPO og OHIM og var allur kostnaður við þátttökuna greiddur af EPO.



Árni Stefán Jónsson formaður SFR ásamt starfsfólki Einkaleyfastofunnar við afhendingu viðurkenningarinnar um Stofnun ársins 2014



Árangursmat

Ársáætlun

Í fjárlögum ársins 2014 voru 228,8 m.kr. ætlaðar til reksturs stofnunarinnar og skyldi fjármögnunin að fullu vera innheimt af ríkistekjum. Ekkert framlag kom úr ríkissjóði vegna faggildingar. Á tekjuhlið fjárlaga voru rekstrartekjur áætlaðar 276 m.kr. og sértekjur 11,2 m.kr.

Samþykkt rekstraráætlun gerði ráð fyrir heildarrekstrarkostnaði að upphæð 319,6 m.kr. og heildartekjum að upphæð 290,6 m.kr. Áætlunin gerði þ.a.l. ráð fyrir 29 m.kr. halla á rekstri stofnunarinnar. Samhliða rekstraráætlun var lögð fram beiðni um endurskoðun á reglugerð um gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki og hönnun o.fl. nr. 916/2001, með síðari breytingum, þar sem ljóst var að innheimtar tekjur stæðu ekki undir rekstri stofnunarinnar en afar mikilvægt er að gjaldskrá endurspegli rekstur stofnunarinnar hverju sinni. Ný reglugerð um gjöld nr. 804/2014 tók gildi 1. desember 2014.

Talsverður munur var þ.a.l. á fjárheimild samkvæmt fjárlögum og áætluðum rekstrarkostnaði. Þessi mismunur hefur verið til staðar í mörg ár og hefur ítrekað verið bent á þann vanda. Til að mæta þessum mismun var gert ráð fyrir að nýta uppsafnað eigið fé stofnunarinnar líkt og gert hefur verið síðustu ár.

Ársreikningur

Helstu tölur úr rekstri ELS árið 2014 má sjá í töflunni hér að neðan.

Tekjur	Rauntölur 2014 m.kr.	Áætlun 2014 m.kr.
Rekstrartekjur	278.217.547	282.000.000
Sértekjur	9.053.147	8.600.000
Tekjur samtals:	287.270.694	290.600.000
Gjöld		
Rekstrargjöld	321.029.499	319.600.000
Gjöld samtals:	321.029.499	319.600.000
Tekjur umfram gjöld	-33.758.805	-29.000.000
Framlag úr ríkissjóði	0	0
Hagnaður / tap ársins	-33.758.805	-29.000.000

Samanburður og skýringar

Rekstur stofnunarinnar á árinu var í góðu samræmi við samþykktar áætlanir. Heildartekjur stofnunarinnar námu 287,3 m.kr. en í rekstraráætlun var gert ráð fyrir að tekjur næmu 290,6 m.kr. Rekstrartekjur námu 278,2 m.kr. en líkt og síðustu ár var stærsti einstaki tekjuliður stofnunarinnar tilkominn vegna alþjóðlegra vörumerkjaumsókna og –endurnýjana, eða um 120 m.kr. Tekjur vegna faggildingar voru nokkuð lægri en búist hafði verið við eða 10,4 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir 16,5 m.kr. Sértekjur stofnunarinnar voru 9 m.kr. en þær skýrast að stærstum hluta af endurgreiðslum frá EPO fyrir útlögðum ferðakostnaði vegna funda og endurmenntunar starfsmanna.

Rekstrarkostnaður stofnunarinnar var svipaður því sem gert var ráð fyrir í rekstraráætlun eða 321 m.kr. Stærsti einstaki útgjaldaliðurinn er launakostnaður (64%) og því næst kemur kostnaður vegna aðkeyprar þjónustu (23%). Einkaleyfastofan er verulega háð utanaðkomandi þjónustu er varðar grunnþjónustu stofnunarinnar og má þar helst nefna kostnað vegna rannsókna á einkaleyfisumsóknum hjá dönsku einkaleyfastofunni og kostnað vegna úttekta á faggildingu framkvæmda af SWEDAC. Þess má geta að undir aðkeypta þjónustu fellur einnig kostnaður vegna reksturs og viðhalds tölvukerfa og leyfisgjöld vegna hugbúnaðar, svo fátt eitt sé nefnt.

Líkt og áætlanir gerðu ráð fyrir var stofnunin rekin með halla á árinu. Rekstur Einkaleyfastofunnar er alfarið fjármagnaður með þjónustugjöldum, ef starfsemi faggildingar er undanskilin og því er afar mikilvægt að gjaldskrá endurspegli kostnað við veitta þjónustu hverju sinni. Líkt og áður hefur komið fram óskaði Einkaleyfastofan eftir endurskoðun á gjaldskrá í árslok 2013 þar sem ljóst var að hún dygði ekki til að standa undir rekstri stofnunarinnar. Ný gjaldskrá tók gildi 1. desember og hafði því ekki teljanleg áhrif á rekstur og afkomu ársins 2014.

Töluverður halli varð á rekstri faggildingarsviðs eða 10,8 m.kr. Ekkert ríkisframlag kom til vegna reksturs faggildingar á árinu en það hefur verið nauðsynlegt til að standa undir rekstri sviðsins. Þá voru tekjur sviðsins mun minni en gert hafði verið ráð fyrir vegna færri úttekta.

Ef rekstur stofnunarinnar í heild er skoðaður má telja að hann hafi verið í góðu samræmi við áætlanir. Tap ársins nam 33,8 m.kr. og var tapinu mætt með uppsöfnuðu eigin fé stofnunarinnar.

Föst fjárlög henta illa rekstri stofnunar eins og Einkaleyfastofunni þar sem umsóknarfjöldi og þar með tekjur, er ekki þekkt stærð fyrr en í lok hvers árs. Þá endurspeglar fjárlögin ekki raunverulegt rekstrarumhverfi stofnunarinnar en fjárheimild stofnunarinnar samkvæmt fjárlögum er talsvert lægri en samþykkt rekstraráætlun. Hér er um að ræða vanda sem hefur verið til staðar í mörg ár.

